HÚSASKÓLI

Birt með fyrirvara um breytingar

ÍSLENSKA 2024-2025 — *Samþætt með samfélags-, náttúrufræði og stærðfræði* — 2. BEKKUR

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lesa heima daglega<br><br>Umskráning:<br>- sérhljóðar<br>- samhljóðar<br>- tvöfaldir samhljóðar<br>- samhljóðasambönd<br>- mjúkt/hart g<br><br>Lesskilningur:<br>- forspá<br>- samantekt<br><br>Skrift:<br>- réttur stafdráttur<br>- hlutföll og stærð stafa<br>- orðabil<br><br>Orð:<br>- sérnöfn og samnöfn<br>- samsett orð<br>- samheiti og andheiti<br>- lýsingarorð (kynning)<br>- sagnorð (kynning)<br>- spurnarorð (kynning)<br>- töluorð<br>- algengustu orðin<br><br>Stafsetning:<br>- Ng- og nk- reglan<br>- hástafur aðeins í sérnöfnum<br><br>Stafrófið (hjálpargagn)<br><br>Ljóðagerð:<br>- endarím | <u>Byrjendalæsi og MM</u><br><br>**Talað mál hlustun og áhorf**<br>Að nemandi geti:<br>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,<br>• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,<br>• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,<br>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,<br>• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,<br>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.<br><br>**Lestur og bókmenntir**<br>Að nemandi geti:<br>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,<br>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,<br>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,<br>• valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,<br>• lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,<br>• beitt hugtökum eins og **persónu**, söguþræði, **umhverfi** og boðskap,<br>• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,<br>• aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,<br>• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,<br>• valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju | Unnið með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis.<br><br>Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.<br><br>- hljóðaaðferð<br>- Byrjendalæsi<br>- innlögn<br>- umræður<br>- hlustun<br>- verkefnavinna<br>- einstaklingsvinna<br>- samvinnunám<br>- samræðuaðferðir<br>- uppgötvunarnám<br>- námsleikir<br>- spil<br>- útikennsla<br>- söngur<br>- endurtekning<br>- sýnikennsla<br>- bein kennsla<br>- tvenndarvinna<br>- hópavinna<br>- föndur<br>- stöðvavinna<br>- hringekjur | **Leiðsagnarmat**<br>Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.<br><br>Skil á heimalestri - Læsir<br><br>Símat byggt á lykilhæfni:<br>- virkni<br>- vinnubrögð<br>- færni<br>- skilningur<br>- einbeiting<br><br>Skimun MMS fyrir 2. bekk<br><br>Lesskilningsathugun<br><br>Lesferill MMS<br><br>Sjálfsmat og jafningjamat<br><br>Hæfnieinkunn gefin fyrir hvern þátt samkv. aðalnámskrá<br><br>. |

<table>
<tr>
<td>Greinamerki:<br>- punktur .<br>- komma ,<br>- spurningamerki ?<br>- upphrópunarmerki !<br><br>Sögugerð:<br>- umhverfi<br>- persóna<br>- upphaf<br>- miðja<br>- endir</td>
<td>Ritun<br>Að nemandi geti:<br>• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,<br>• nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,<br>• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,<br>• nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,<br>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda<br><br>Málfræði<br>Að nemandi geti:<br>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,<br>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,<br>• þekkt og fundið helstu greinamerki s.s. punkt, kommu og spurningamerki<br>• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,<br>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,<br>• samið málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,<br>• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,<br>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki,</td>
<td></td>
<td></td>
</tr>
<tr>
<td colspan="4">Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni, unnið skv. Byrjendalæsi.</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="4">Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því og geti beitt tungumálinu sem öflugu tæki við skapandi störf og leik. Það skiptir miklu að nemendur átti sig á því hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmynd og framtíð í námi og starfi. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar, en málfræði og réttritun hjálpa til við tjáningu í ræðu og riti sem er forsenda fyrir virkri þátttöku í samfélaginu.</td>
</tr>
<tr>
<td>Hæfnieinkunn</td>
<td colspan="3">★ Framúrskarandi ✓ Hæfni náð ◇ Á góðri leið ○ Þarfnast þjálfunar ✕ Hæfni ekki náð</td>
</tr>
</table>

| Námsþættir | Viðfangsefni og viðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Flokkun:<br>- litur<br>- lögun<br>- stærð<br><br>Hugtök:<br>- fleiri<br>- færri<br>- flestir<br>- jafnmargir<br><br>Skráning fjölda:<br>- talnastikur<br>- tölustafir 0-100<br><br>Formin - tvívíð:<br>- hringur<br>- ferhyrningur<br>- þríhyrningur<br>- ferningur<br><br>Talnaskrift 0-100<br><br>Mynstur:<br>- greina mynstur<br>- halda mynstri áfram<br>- búa til eigið mynstur<br><br>Formin - tvívíð:<br>- hringur<br>- ferhyrningur<br>- þríhyrningur<br>- ferningur<br><br>Formin – þrívíð:<br>- kúla<br>- keila | **Að geta spurt og svarað með stærðfræði**<br>Að nemandi geti:<br>• tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,<br>• leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir,<br>• sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,<br>• rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.<br><br>**Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**<br>Að nemandi geti:<br>• notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra,<br>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,<br>• tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni,<br>• notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.<br>• þekkt og notað talnarunur 0-100<br><br>**Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**<br>Að nemandi geti:<br>• Unnið einstaklingslega að stærðfræðilausnum<br>• unnið í samvinnu við aðra nemendur að stærðfræðilausnum<br>• notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi<br>• gerir sér grein fyrir verðgildi peninga<br><br>**Tölur og reikningur**<br>Að nemandi geti:<br>• notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman<br>• skráð 0-100 í tugakerfishátt<br>• reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt<br>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi<br>• beitt skriflegum útreikningum | - **Þjálfunaraðferð**: Nemendur fá verkefni til þjálfunar á námsþáttum.<br>- **Innlögn í hópum**: Sýnikennsla, umræða og þjálfun á rökhugsun.<br>- **Þrautalausnir**: Nemendur vinna þrautahefti og þjálfa rökhugsun.<br>- **Leitaraðferð**: Virkja nemendur í að afla upplýsinga.<br>- **Tölvur**: nota ýmis forrit<br><br>Verkefnavinna, einstaklingsvinna og hópavinna. | Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu.<br><br>Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.<br><br>Kannanir:<br>Einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir til að skoða framfarir nemenda. |

<table>
<tr>
<td>- kassi<br><br>Mælingar – klukka:<br>- heill tími<br>- lítill og stór vísir<br><br>Tímatal:<br>- dagar<br>- mánuður<br>- ár<br>- árstíð<br><br>Myndrit:<br>- súlurit<br><br>Samlagning:<br>- talnavinir<br>- týnda talan<br>- yfir fyrsta tug<br><br>Frádráttur:<br>- talnavinir<br>- týnda talan<br>- af tölum yfir tug<br><br>Talnalína<br><br>Verðgildi peninga<br><br>Tugur og eining</td>
<td>Algebra<br>Að nemandi geti:<ul><li>kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti</li><li>fundið lausnir á jöfnum í samlagningu og frádrætti og rökstutt</li></ul>Rúmfræði og mælingar<br>Að nemandi geti:<ul><li>notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu</li><li>unnið með mælikvarða og lögun</li><li>áætlað og mælt lengd og flöt með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum</li><li>rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota hlutbundin gögn</li><li>speglað og skráð speglunarás</li></ul>Tölfræði og líkindi<br>Að nemandi geti:<ul><li>safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið</li><li>talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit</li><li>tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigið og annarra</li></ul></td>
<td></td>
<td></td>
</tr>
<tr>
<td colspan="4">Námsefni: Sproti 2a og 2b, nemendabók og æfingahefti ásamt öðrum verkefnum og hlutbundnum hjálpargögnum</td>
</tr>
<tr>
<td>Hæfnieinkunn</td>
<td colspan="3">★ Framúrskarandi   ✓ Hæfni náð   ◇ Á góðri leið   ○ Þarfnast þjálfunar   ✕ Hæfni ekki náð</td>
</tr>
</table>

HÚSA SKÓLI

**UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT 2024-2025** **2. BEKKUR**

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Fingrafimi<br>Kennsluforrit á mms.is<br>Google umhverfið<br>Krakkavefir mms.is | **Geta til aðgerða**<br>Að nemandi geti:<br>• Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag<br>• Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn<br>• beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu<br><br>**Upplýsingaöflun og úrvinnsla**<br>Að nemandi geti:<br>• Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu<br>• nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni<br><br>**Siðferði og öryggismál**<br>Að nemandi geti:<br>• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga | Samþætting við aðrar námsgreinar | Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. |
| Námsefni: Hver nemandi hefur aðgang Cromebók og nýtir hana í náminu. | | | |
| **Hæfnieinkunn** | ★ Framúrskarandi ✓ Hæfni náð ◇ Á góðri leið ○ Þarfnast þjálfunar ✕ Hæfni ekki náð | | |

HÚSA SKÓLI

**SAMFÉLAGSFRÆÐI (samþætt við íslensku) 2024-2025 2. BEKKUR**

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Sköpun<br><br>Ræða ólík fjölskyldutengsl<br><br>Kynnast ólíkum trúarbrögðum<br><br>Fræðast um kristnar hátíðir eins og jól og páska | <u>Byrjendalæsi og MM</u><br><br>**Félagsheimur**<br>Að nemandi geti:<br>• Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,<br>• Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum<br>• Getur hlustað á og greint ólíkar skoðanir<br>• Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti<br>• Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum<br>• Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra<br>• Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna<br>• Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur<br>• Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi<br><br>**Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum**<br>Að nemandi geti:<br>• Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum<br>• Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig<br>• Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur<br>• Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann<br>• Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði<br>• Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti<br>• Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans<br>• Sett sig í spor annarra jafnaldra<br>• Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna<br><br>**Reynsluheimur: Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann**<br>Að nemandi geti:<br>• Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi<br>• Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir<br>• Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi | Unnið með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis.<br><br>Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.<br><br>- Hljóðaaðferð<br>- Byrjendalæsi<br>- innlögn<br>- umræður<br>- hlustun<br>- verkefnavinna<br>- einstaklingsvinna<br>- samvinnunám<br>- samræðuaðferðir<br>- uppgötvunarnám<br>- námsleikir<br>- spil<br>- útikennsla<br>- söngur<br>- endurtekning<br>- sýnikennsla<br>- bein kennsla<br>- tvenndarvinna<br>- hópavinna<br>- föndur<br>- stöðvavinna<br>- hringekjur | **Leiðsagnarmat**<br>Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.<br><br>Símat byggt á lykilhæfni:<br>- virkni<br>- vinnubrögð<br>- færni<br>- skilningur<br>- einbeiting<br><br>Sjálfsmat og jafningjamat<br><br>Hæfnieinkunn gefin fyrir hvern þátt samkv. aðalnámskrá<br><br>. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu<br>• Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum<br>• Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, í nærsamfélaginu<br>• Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna<br>• Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins<br>• Varast hættur á heimili sínu og nágrenninu | | |

Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni unnið skv. Byrjendalæsi.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt.

| Hæfnieinkunn | ★ Framúrskarandi | ✓ Hæfni náð | ◇ Á góðri leið | ○ Þarfnast þjálfunar | ✕ Hæfni ekki náð |
|---|---|---|---|---|---|

HÚSA SKÓLI

**Náttúrugreinar (samþætt við íslensku) 2024-2025** **2. BEKKUR**

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
| --- | --- | --- | --- |
| Lesa fræðitexta og finna upplýsingar m.a. varðandi fjölgun, fæðu, heimkynni og útlit<br><br>Gera einfalda rannsókn | <u>Byrjendalæsi og MM</u><br><br>**Geta til aðgerða**<br>Að nemandi geti:<br>• Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra<br>• Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs<br><br>**Nýsköpun og hagnýting þekkingar**<br>Að nemandi geti:<br>• Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu<br>• Bent á störf sem krefjast sérþekkingar<br><br>**Gildi og hlutverk vísinda og tækni**<br>Að nemandi geti:<br>• Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum<br>• Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra, gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana<br><br>**Vinnubrögð og færni**<br>Að nemandi geti:<br>• Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni<br>• Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna<br>• Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim<br>• Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum<br>• Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga og útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt, hlustað á og rætt hugmyndir annarra<br><br>**Ábyrgð á umhverfi**<br>Að nemandi geti:<br>• Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð<br>• Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru<br>• Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum<br><br>**Að búa á jörðinni**<br>Að nemandi geti:<br>• Lýst landnotkun í heimabyggð | Unnið með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis.<br><br>Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.<br><br>- Hljóðaaðferð<br>- Byrjendalæsi<br>- innlögn<br>- umræður<br>- hlustun<br>- verkefnavinna<br>- einstaklingsvinna<br>- samvinnunám<br>- samræðuaðferðir<br>- uppgötvunarnám<br>- námsleikir<br>- spil<br>- útikennsla<br>- söngur<br>- endurtekning<br>- sýnikennsla<br>- bein kennsla<br>- tvenndarvinna<br>- hópavinna<br>- föndur<br>- stöðvavinna<br>- hringekjur | **Leiðsagnarmat**<br>Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.<br><br>Símat byggt á lykilhæfni:<br>- virkni<br>- vinnubrögð<br>- færni<br>- skilningur<br>- einbeiting<br><br>Sjálfsmat og jafningjamat<br><br>Hæfnieinkunn gefin fyrir hvern þátt samkv. aðalnámskrá<br>. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Lífsskilyrði manna**<br>Að nemandi geti:<br>• Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans<br>• Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns<br>• Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans<br>• Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi<br>• Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu<br>**Náttúra Íslands**<br>Að nemandi geti:<br>• Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu<br>• Sagt frá eigin upplifun á náttúru og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi<br>• Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða<br><br>**Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**<br>Að nemandi geti:<br>• Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra<br>• Gert grein fyrir hvernig fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir | | |
| Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni unnið skv. Byrjendalæsi. | | | |
| Meginmarkmið náttúrugreina er að nemendur átti sig á að þeir eru hluti af samfélagi þjóða og séu meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar. | | | |
| **Hæfnieinkunn** | ★ Framúrskarandi ✓ Hæfni náð ◇ Á góðri leið ○ Þarfnast þjálfunar ✕ Hæfni ekki náð | | |